
Gaukurinn

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



2. Árg. 5. tbl. júní 2022

Þjóðhátíðardagskrá 17. júní - Brautarholti

Frá kl. 11.30 Pizzavagninn og íssala 9. bekkjar Flúðaskóla verður á staðnum, ærslabelgurinn uppblásinn og pannavöllurinn klár (bolta þarf þó að koma með sjálfur)



Kl. 12.30 Koddaslagur í sundlauginni – allir hvattir til að taka þátt

Kl. 14.00 Hátíðardagskrá í Félagsheimilinu Brautarholti

Fjallkonan
Ávarp frá presti
Hátíðarræða
Tónlistaratriði

Kl. 15.00 Hátíðarkaffi- framreitt af Kvenfélagi Skeiðahrepps

Kl. 21.00 Tónleikar með Ljósbrá og strákunum, félagsheimilinu Ánesi, barinn opinn.

Gaukurinn – rafrænt fréttabréf Skeiða – og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður: Sýlvía Karen Heimisdóttir

Umsjón: Hrönn Jónsdóttir

Upp í sveit !

Laugardagurinn 18. júní

- Kl. 11.00 Froðurennibraut við Neslaug, slökkviliðið sér um froðuna og sundlaugin opin í framhaldinu.
- Kl. 11.00 – 18.00 Handverksmarkaðurinn *Handverk og hámm* í stóra sal félagsheimilisins Árness.
- Kl. 11.00 Málverkasýning – frá nemum á námskeiði í útímálan.
- Kl. 12.00 Hádegisverður í Félagsheimilinu – Þórður grillar eitthvað gott og allir velkomnir. Verð og matseðill verður auglýst síðar.
- Kl. 12.00 Þrautir og leikir frá UMFÍ á íþróttavellinum við Árnes, upplögð fjölskylduafþreying.
- Kl. 14.00 Sveitaleikar – keppt í allskonar, öllu og engu! Hvetjum alla sem vilja spreyta sig til að smala í lið með 3-5 þátttakendum, gott að hafa breiðan aldur og mismunandi hæfileika þátttakenda. Ný sveitarstjórn ætlar að spreyta sig og þarf verðuga keppinauta! Hægt að skrá lið fyrir fram hjá Hrönn -eða bara á staðnum þegar kappið færist yfir...
- Kl. 21.00 Kahoot spurningakeppni í Félagsheimilinu í Árnesi. Til að taka þátt þarf að hafa með sér snjallsíma og æskilegt að kunna á hann. Til að auka möguleika á að vinna er gott að lesa mikið næstu daga og æfa sig að hugsa hratt. Barinn opin. Aðeins fyrir 18 ára og eldri

Upp í sveit !

Sunnudagurinn 19. júní

- Kl. 8.00 – Morgunverður í félagsheimilinu Árnesi
10.30 í boði **Rauðukamba** – allir velkomnir!
- Kl. 11.00 Náttúruskoðun með Bergi náttúrubarni í skóginum í Þjórsárdal og skógarkaffi í boði Skógræktarinnar í skógarskýlinu.
- Kl. 15.00 Gönguferð frá Laxárdal að Hlíð með fram Stóru Laxá. Hægt að mæta í Árnes, fyrir framan félagsheimilið til að sameinast í bíla kl. 14.00 Leiðsögumaður er Sigurður Páll Ásólfsson leiðsögumaður. Áætlaður tími er 3 klukkustundir. Leiðin er 6-7 km.
- Kl. 19.00 – **Grillaðu sjálfur!!** Sameiginlegt grill í
21.00 Félagsheimilinu Árnesi, á staðnum verða heit grill og helsti borðbúnaður, drykkir til sölu á barnum. Gestir koma sjálfir með matinn og grilla. Fjölmönnum og höfum gaman saman!
- Kl. 21.00 Varðeldur við Kálfárbakka, austan við gamla reiðvöllinn og fjöldasöngur með trúbador.



Frá Ólafsvallakirkju

Eins og flestir vita þá hafa staðið yfir miklar framkvæmdir í Ólafsvallakirkju og kirkjugarði undanfarin ár. Þak kirkjunnar var málað og skipt var um klæðningu. Þar sem kirkjan er friðuð þá var þetta unnið í samvinnu við Minjastofnun, sem hefur staðið dyggilega við bakið á okkur í þessari framkvæmd.

Kirkjugarðurinn hefur einnig tekið miklum breytingum. Búið er að fjarlægja mikið af trjám og lagður var nýr hellulagður gangstígur með hitalögn og lýsingu. Við þetta verk fengum við góða aðstoð og ráðgjöf frá Kirkjugarðaráði.

Þessar framkvæmdir voru bæði viðamiklar og dýrar, en hafa tekist vonum framar. Fjármögnun hefur gengið vel með styrkjum frá Minjastofnun, Jöfnunarsjóði sókna og Kirkjugarðasjóði. Ólafsvallakirkja nýtur þess að eiga marga velunnara sem hafa með ýmsum hætti tekið þátt í þessum framkvæmdum og hafa með sínu framlagi gert það að verkum að vel hefur til tekist.

Verktakafyrirtæki innan sveitar sáu um framkvæmdir af myndarskap, og viljum við þakka þeim Aðalsteini Aðalsteinssyni, Ásmundi Lárussyni, Georg Kjartanssyni, Guðjóni Garðari Steinþórssyni og Ólafi F. Leifssyni fyrir góða samvinnu.

Sveitarfélagið kom að jarðvegsframkvæmdum í kirkjugarði með miklum sóma.

Lionsklúbburinn Dynkur hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf í þágu kirkjunnar þar sem félagar Dynks hafa m.a. þökulagt og fellt tré. Kvenfélag Skeiðahrepps hefur styrkt kirkjuna myndarlega.

Jón Bjarnason rafeindavirki gaf sína vinnu við tengingu útilýsingar.

Tré og Straumur ehf. gaf rafmagnsefni í útilýsingu.

Fyrirtækið Hagblikk, í eigu Sigurbjargar Vilmundardóttur frá Skeiðháholti, og Sævars Kristjánssonar eiginmanns hennar, gáfu kirkjunni rennur og niðurföll.

Fermingarsystkin fædd árið 1947 gáfu fjármagn ætlað til kaupa á lýsingu fyrir altarástöfluna.

Öllu þessu fólki viljum við þakka af alhug fyrir veittan stuðning.

Það er afar dýrmætt að búa í samfélagi þar sem samtakamáttur gerir það að verkum að hægt er að ráðast í framkvæmdir sem þessar. Okkur þykir öllum vænt um kirkjuna okkar og það hefur svo sannarlega verið sýnt í verki.

Kærar þakkir og góðar kveðjur,
Sóknarnefnd Ólafsvallasóknar.



18.júní

HANDVERK OG HÁM
HANDVERKSMARKADUR

ÁRNESI

KL.: 11:00-18:00

KÍKTU TIL OKKAR ❤️

Fréttir frá Hestamannafélaginu Jökli



Á næstu mánuðum verður margt í gangi hjá Hestamannafélaginu Jökli. Vonandi að sem flestir félagar í Jökli finni eitthvað við sitt hæfi.

Dagskráin er eftirfarandi :

- Vatnasull með Hermanni Árna 10 júní
- Landsmóts úrtaka á Hellu 10-12 júní
- Reiðnámskeið í Hrísholti 13-17 júní
- Skemmtimót í Hrísholti 18. júní
- Reiðnámskeið í Hrísholti 20-24 júní
- Félagsreiðtúr 23. júní
- Skemmtimót í Hrísholti 25. júní
- Keppnisnámskeið í júlí fyrir Gæðingamót á Flúðum
- Landsmót Hestamanna á Hellu 3-10 júlí
- Gæðingamót Jökuls á Flúðum 21-24 júlí
- Félagsreiðtúr 28. Júlí
- Reiðnámskeið á Miðengi 7-10 ágúst.
- Félagsreiðtúr á Vallamót
- Vallamót í ágúst
- Frumtamninganámskeið á Brekku í sept/okt

Verið er að vinna í uppsetningu á nýrri heimasíðu fyrir félagið. Þar til að heimasíðan kemst í gagníð eru allar nánari upplýsingar um viðburði sett inn á facebook síðu félagsins „Hestamannafélagið Jökull“ eða facebook síðu æskulýðsstarfsins „Hestakrakkar í Uppsveitum“

Hestamannafélagið Jökull

Tiltektardagur og messa á Stóra-Núpi

Tiltektardagur 11. júní kl.13:00 í Stóra-Núpskirkjugarði.

Messa 12. júní kl.11:00 í Stóra-Núpskirkju.

Ákveðið hefur verið að hafa tiltektardag í Stóra-Núpskirkjugarði þann 11. júní n.k. kl. 13:00. Þá geta aðstandendur og aðrir hjálpfúsir vinir komið og fengið aðstoð við að laga leiði ástvina. Mold og þökur verða á staðnum og einhver garðáhöld en gott væri ef fólk hefði eitthvað slíkt með sér. Einnig stendur til að planta í skjólbelti á suðurhlíð elsta hluta garðsins og gott væri að fá aðeins hjálp við það. Kannski á eftir að slá eitthvað þannig að 1-2 sláttumenn væru áfúsugestir.



Daginn eftir þann 12. júní verður "Vinamessa" í kirkjunni kl. 11:00. Jóhanna Steinþórsdóttir fyrrv. skólastjóri og Svava Gunnarsdóttir, prestsdóttir frá Skarði minnst kirkjustarfsins hér áður fyrr. Sr. Óskar Þjónar fyrir altari og flytur hugvekju. Þorbjörg organisti stjórnar söng. Allir eru hjartanlega velkomnir en brottfluttir sveitungar þó sérstaklega. Kirkjugestum boðin hressing á Kirkjutorginu eftir messu.

Með kærleikskveðju,
Sóknarnefndin

Kvennareíð 19. júní 2022

Mæting Vatamýri kl 13:00

*Ríðið út að Hvítá eftir skemmtilegum reiðgötum,
endað aftur á Vatamýri í grilli.*

Skráið þátttöku fyrir 16. júní.

*Lína, s: 896-5738
Auður, audur@maras.is*



Undirbúningur Hvammsvirkjunar

Við hjá Landsvirkjun fengum tækifæri til að kynna undirbúning Hvammsvirkjunar á tveimur opnum íbúafundum á Suðurlandi nú í vor. Skeiða- og Gnúpverjahreppur hélt fund 8. mars og Rangárþing ytra gerði slíkt hið sama 6. apríl. Ég vil þakka báðum sveitarfélögum fyrir að leiða okkur og íbúa saman á þann hátt; fundirnir voru upplýsandi fyrir okkur og vonandi íbúana einnig. Sérstakar kveðjur sendi ég öllum þeim íbúum sem áttu heimangengt og vörðu kvöldinu með okkur.

Undirbúningur virkjanaframkvæmda tekur langan tíma og að mörgu að huga áður en til framkvæmda kemur. Við höfum undanfarin ár unnið að leyfis- og skipulagsmálum samhliða nánú samráði við hagaðila. Verkefnið hefur nú verið staðfest á aðal- og deiliskipulagi og eru leyfismál langt á veg komin. Hluti af undirbúningnum er að huga að efnisgæðum fyrir fyrirhuguð mannvirki sem við áætluðum að rannsaka í námum og vegstæði síðar í sumar. Slíkar rannsóknir eru nauðsynleg forsenda fyrstu framkvæmda sem eru uppfærsla á Hvammsvegi, aðkomuvegarins að fyrirhuguðu stöðvarhúsi. Í framhaldinu verður ráðist í gerð Búðafossvegar og byggingu brúar en þeir verkþættir eru hjá Vegagerðinni.

Á fundum með íbúum var töluvert rætt um nýtingu þeirrar orku sem unnin verður í Hvammsvirkjun. Íbúum var eðlilega umhugað um að sú orka gæti einnig nýst heima í héraði. Rétt er að ítreka þau svör sem við gáfum á fundunum að Landsvirkjun hefur ekki samið um sölu á orkunni, ólíkt því sem verið hefur venjan hingað til þegar ráðist er í slíkar framkvæmdir. Við vitum hins vegar að þörfin fyrir aukna græna orku er ærin. Framtíðin þarf meiri hreina orku til að standa við skuldbindingar okkar í loftslagsmálum og áætlanir íslenskra stjórnvalda um orkuskipti. Þá er rétt að benda á, að Landsvirkjun hefur ásamt Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Landbúnaðarháskóla Íslands stofnað verkefnið Orkídea sem einmitt hefur þá áherslu að vinna að nýjum tækifærum á svæðinu á sviði orkutengdrar matvælaframleiðslu og hjálpa sveitarfélögum við að þróa tækifæri til atvinnusköpunar í slíkum greinum. Við hvetjum



Ásbjörg Kristinsdóttir


ykkur til að kynna ykkur nánar þá starfsemi og leita með okkur að tækifærum til að nýta þessar framkvæmdir nærsamfélaginu til hagsbóta.

Samráð og upplýsingar

Við hjá Landsvirkjun vitum hversu mikilvægt það er að hafa samráð við íbúa svæðisins á komandi framkvæmdatíma. Við munum leggja okkur fram um að hafa allt það ferli skýrt, svo enginn velkist í vafa um hvað er framkvæmt, hvar og hvenær. Við munum halda úti vefsvæði um Hvammsvirkjun á slóðinni landsvirkjun.is/hvammsvirkjun. Þar má finna kynningu á verkefninu, með skýringarmyndum og öðru ítarefni. Undir flípanum „Spurt og svarað“ er að finna ýmsar spurningar sem brunnu á íbúum á fundum okkar og svör við þeim. Þá er öllum frjálst að senda inn fyrirspurnir á netfangið hvammur@landsvirkjun.is

Ásbjörg Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs hjá Landsvirkjun

Hér má sjá fyrirhugaðar vega-/brúarframkvæmdir á svæðinu



Ýmislegt um sorphirðu í sveitarfélaginu okkar

Nýverið fengu allir heim til sín þriðju ruslatunnuna, en hún er bara ætluð fyrir plast. Í grænu tunnuna sem áður var fyrir allt flokkað, fer núna pappír, pappi og málmur. Þar sem nú eru tvær tunnur fyrir flokkað rusl, þá kemur til með að líða lengra á milli ferða hjá ruslabílnum, en hann er tvískiptur og sækir úr báðum tunnunum í einu. Allir eru hvattir til að byrja strax að flokka svona, en gamla tunnann verður tæmd einu sinni enn með blönduðu rusli.

Opnaðar voru í upphafi árs grenndarstöðvar í Árnasi og Brautarholti. Þar eru gámar fyrir plast, pappír/pappa, almennt sorp, gler og málma. Gaman er að sjá að notkunin á þessum grenndarstöðvum hefur aukist jafnt og þétt og biðjum við fólk endilega um að láta okkur vita ef það sér að gámarnir eru að fyllast. Þriðja grenndarstöðin verður svo sett við afleggjarann að Skeiðhólta, en því miður er ekki komin tímasetning á hvenær það gerist.

Í byrjun apríl var ákveðið að loka gámasvæðinu í Brautarholti. Ýmsar ástæður voru lagðar þeirri ákvörðun til grundvallar, en helst ber þar að nefna að það er dýrt að reka tvö gámasvæði, nýtingin á þeim er lítil, töluverðar framkvæmdir lágu fyrir á báðum stöðum en þó minni á gámasvæðinu í Árnasi, ekki er aðstaða fyrir starfsfólk í Brautarholti. Gámasvæðinu í Brautarholti verður því lokað eftir hreinsunaráttak sem stendur yfir til 18. júní.

Hreinsunaráttak hefur yfirleitt verið í aðdraganda sveitahátíðarinnar. Að þessu sinni hefur verið boðið upp á að fá járnagáma heim á hlað endurgjaldslaut í tvo daga. Það tilboð stendur til 16. júní og þarf að panta gám með því að hringja eða senda póst á skrifstofu sveitarfélagsins. Nú þegar hafa allnokkrir fengið slíka gáma heim og tekið til hendinni.

Svo hvetjum við alla til að taka hlaðið í gegn og röлта með vegum í nágrenninu, tína upp það sem fokið hefur til í vetur.

Víkuna 10.-16. júní verður svo frítt að koma með sorp á gámasvæðin í Árnasi og Brautarholti.

Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2022

Tæki	kr	@	Ath:	
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	3600	klst	Lágmarksgjald 5000	
Vendiplógur – opinn, 5 skera	4800	dag	+ 525 kr/km	Keyptur 2019
Pinnatætari	4600	klst		
Hnifataetari	4600	klst		
Fjaðraherfi	3300	klst	Lágmarksgjald 5000	Keypt 2021
Hefill	3700	klst	Fyrstu 5 klst, síðan 2100. Lágmarksgjald 5000	
Flag- og túnvaltari 6,3 m,	5600	klst	Fyrstu 5klst, síðan 2600	
Valtari 3.0 m, 5.8 tonn	2900	klst		Keyptur 2021
Slóði	3700	klst		
Haugsuga 12 T	18000	dag		Keypt 2019
Haugsuga 14 T	19000	dag		Keypt 2022
Haugsuga 15 T	20000	dag		
Rúlluvagn með vökva skjólborðum	6600	dag	+160 kr/km Lágmarksgjald 11.000	
Rúlluvagn án skjólborða	6600	dag	+160 kr/km Lágmarksgjald 11.000	Keyptur 2022
Fjölnotakerra	8800	dag	Utanfélagsmenn Gnúp og Skeið borga 10500	
3ja hesta kerra	7400	dag	Utanfélagsmenn Gnúp og Skeið borga 9500	
Athafnakerra	7400	dag	Utanfélagsmenn Gnúp og Skeið borga 9500	Keypt 2018
Steypuvél	180	poka	Startgjald 7500	
Staurabor	4500	klst	Lágmarksgjald 7000 kr	
Þyngdarklossi	5800	dag		Keypt 2019
Taðgreip	10000	dag		Keypt 2019
Þrifagjald	30000			

Tæki félagsins eru í umsjá Einars Guðnasonar í Heiðarbrún og eru þau sótt og þeim skilað til hans. Sími 848 1619. Senda skal smáskilaboð til umsjónarmanns með tímafjölda notkunar strax við skil. Gjaldskráin gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna. Ætlast er til þess að tækjum sé skilað hreinum. Ef misbrestur er á því kemur til þrifagjald. Ef skemmdir verða á tækjum greiðist viðgerð af leigutaka.



Vaskar kvenfélagskonur setja saman ruslatunnur fyrir framan Leikskólann.

Göngudagskrá sumarið 2022 í

Skeiða -og Gnúpverjahreppi

Sigurður Páll Ásólfsson frá Ásólfstöðum, nýtskrifaður leiðsögumaður hefur verið ráðinn sem göngustjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þetta sumarið.

Í samstarfi við menningar- og æskulýðsnefnd hefur hann sett upp eftirfarandi göngudagskrá og eru allir hvattir til að mæta og njóta okkar fögru náttúru hér í Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

Ganga 1: 19. júní kl. 15:00. Gengið frá Laxárdal og að Hlíð með fram Stóru Laxá. Gangan er um 6-7 km. Vilji fólk sameinast í bíla má mæta á bílastæðið við Félagsheimilið Árnesi kl. 14:00.

Ganga 2: 2. júlí kl. 15:00. Gengið er frá Öndvegi (Skeiðavegamót við Þjóðveg 1), með fram Hvítá, að Árhrauni og upp að Löngumýri. Hægt er að mæta við Öndvegi og skipuleggja bílamál þar.

Ganga 3: 30. júlí kl. 15:00 Gengið frá Trjáviðarlæk suður fyrir Búrfell, yfir nýju göngubrúna og svo til baka um Búrfellsháls.

Ganga 4: 27. ágúst – Gengið er frá Dynk niður með Þjórsá og að Gljúfurleit. Boðið verður upp á rútu frá Árnesi, mæting kl. 8:00 við Félagsheimilið Árnes. Gangan er 15-16 km og sjá þátttakendur sjálfir um nesti fyrir daginn.

Gera þarf ráð fyrir kostnaði við rútuferðina og verður hann auglýstur síðar. Mikilvægt er að skrá sig í þessa ferð í netfangið siggip48@gmail.com

Dagsetningar á göngum eru settar fram með fyrirvara um breytingar – fylgist með á facebook síðunni: *Gönguferðir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.*